



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og  
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is  
545 8600

Skuggasundi 1,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Hörgársveit  
Þelamerkurskóla  
604 Akureyri

Reykjavík 18. júlí 2022  
Tilv.: UMH22070030/8.14

Vísað er til erindis Hörgársveitar sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 8. júlí sl. þar sem sótt er um undanþágu frá starfsleyfi til að vera með litla flugeldasýningu á Hjalteyri í Hörgársveit á hátíð sem heitir Sæludagur í sveitinni laugardaginn 30. júlí nk. Fram kemur í erindinu að Hörgársveit hafi í mörg ár staðið fyrir hátíðinni en vegna Covid-19 hafi hátíðin ekki verið haldin tvö síðast liðin ár. Umsókn um starfsleyfi fyrir flugeldasýningunni hafi verið send Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra 5 dögum of seint, þ.e. þann 7. júlí sl. í stað 2. júlí sl. og telji heilbrigðisnefndin sér ekki fært að afgreiða umsóknina á þeim forsendum. Meðfylgjandi erindinu var afrit af umsókn til lögreglunnar um leyfi til skoteldasýninga og staðfesting á tryggingum varðandi sýninguna. Fram kom að búið væri að senda umsóknina til lögreglu og slökkviliðsstjóra og að sveitarfélagið óski eftir undanþágu frá fjögurra vikna auglýsingátíma.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis, sbr. 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Flugeldasýning er starfsemi sem fellur undir 23. tölul. viðauka IV laga nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Í ljósi framangreinds sendi ráðuneytið beiðnina til umsagnar Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar með tölvupósti 11. júlí sl.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, sem barst ráðuneytinu með tölvupósti sama dag, er staðfest að fullnægjandi umsókn um starfsleyfi hafi borist. Fram kemur að Heilbrigðisnefndin mæli með því að undanþága verði veitt frá starfsleyfi fyrir skoteldasýningu. Um sé að ræða Sæludaga Hörgársveitar og það sé samfélaginu mikilvægt geta haldið daginn hátíðlegan að loknum Covid takmörkunum og að Hörgársveit verði ekki látin gjalda þess að umsókn hafi ekki verið skilað í tíma

Í umsögn Umhverfisstofnunar, sem barst ráðuneytinu 15. júlí kemur fram að samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra hafi umsókn um starfsleyfi borist þann 7. júlí sl. Sama dag, eða þann 7. júlí sl., hafi starfsleyfið verið auglýst en ekki komi fram hver frestur til að skila athugasemdum og ábendingum er, en þar sem auglýsingartími skuli vera fjórar vikur, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998, megi ætla að hann sé til og með 4. ágúst nk. Umhverfisstofnun bendi á að skilyrði fyrir undanþágu sé að rík ástæða mæli með því að hún sé veitt. Stofnunin telji að ekki hafi komið fram nægilega skýr nauðsyn fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi. Umsækjandi hafi mátt sjá fram á að útgáfa starfsleyfisins gæti tekið tíma og Umhverfisstofnun sjái ekki að rík ástæða eða brýn þörf sé til staðar. Stofnunin telji því æskilegra að starfsleyfisútgáfan fylgi lögmætu ferli áður en starfsleyfi verði gefið út. Stofnunin leggi til, verði undanþága veitt, að fylgt sé samræmdum starfsleyfisskilyrðum vegna mengunarvarna og öðrum skilyrðum sem viðkomandi heilbrigðisnefnd setji fyrir slíkri starfsemi og að fylgt verði þeim kröfum sem mælt sé fyrir um í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 23. tölul. viðauka IV laga nr. 7/1998 með síðari breytingum nr. 66/2017 er flugeldasýning starfsleyfisskyld starfsemi. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 er ráðherra heimilt að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi ef ríkar ástæður mæla með að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis, sbr. 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra mælir með að undanþága sé veitt, það sé samfélaginu mikilvægt að geta haldið daginn hátíðlega og sveitarfélagið eigi ekki að vera látið gjalda þess að umsókn hafi ekki verið skilað. Umhverfisstofnun telur hins vegar að ekki hafi komið fram nægilega skýr nauðsyn fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi. Umsækjandi hafi mátt sjá fram á að útgáfa starfsleyfisins gæti tekið tíma og Umhverfisstofnun sjái ekki að rík ástæða eða brýn þörf sé til staðar. Æskilegt sé að starfsleyfisútgáfan fylgi lögmætu ferli áður en starfsleyfi verði gefið út þ.e. að uppfylltur sé fjögurra vikna auglýsingatími.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum þá er umsókn um starfsleyfi auglýst á heimasíðu Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra 7. júlí sl. en það er 24 dögum fyrir áætlaða flugeldasýningu sem til stendur að halda 30. júlí nk., ljóst er því að starfsleyfið verður auglýst í rúmlega 3/4 hluta þess tíma sem lögbundið er. Ráðuneytið bendir á að 15. nóvember nk. mun taka gildi ný reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur. Með reglugerðinni er rekstraraðilum skylt að skrá starfsemi sína áður en hún hefst og kemur sú skráning í stað veitingu starfsleyfis. Um er að ræða 47 atvinnugreinar þar sem um er að ræða starfsemi sem lítil áhætta er talin vera af hvað varðar hollustuhætti og mengun, sé settum reglum fylgt. Undir framangreinda atvinnustarfsemi falla flugeldasýningar og eftir 15. nóvember munu því flugeldasýningar falla undir skráningarskylda starfsemi í stað starfsleyfisskyldu og mun þannig fjögurra vikna auglýsingaskylda umsóknar falla niður.

Ráðuneytið getur tekið undir með Umhverfisstofnun að ekki virðist vera til staðar rík ástæða eða brýn þörf á að veita undanþágu frá starfsleyfi vegna flugeldasýningar sem til stendur að halda 30. júlí nk. á Hjalteyri og að umsækjandi hefði mátt sjá fram á að útgáfa starfsleyfisins gæti tekið tíma. Hins vegar virðist samkvæmt umsögn heilbrigðisnefndar umrædd flugeldasýning vera mikilvægur samfélagslegur viðburður. Ráðuneytið telur ljóst að auglýsingatími umsóknarinnar muni ná rúmlega 3/4 hluta þess tíma sem lögbundinn er og skeikar því aðeins nokkrum dögum auk þess að eftir 15. nóvember nk. munu flugeldasýningar falla undir skráningaskylda starfsemi í stað starfsleyfisskyldrar starfsemi þar sem fjögurra vikna auglýsingaskylda verður felld niður. Í ljósi framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra og í samræmi við 1. mgr. 6. laga nr.

7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, veitir ráðuneytið hér með Hörgársveit kt. 5101013830 undanþágu frá starfsleyfi fyrir allt að tíu mínútna flugeldasýningu við höfnina á Hjalteyri, yst á steyptri bryggju (aðalbryggju), þann 30. júlí nk. á milli kl. 23:00 og 23:30. Snorri Finnlaugsson kt. 210260-3829 er ábyrgðarmaður sýningarinnar og Ólafur Tryggvi Kjartansson kt. 160650-7299 skotstjóri hennar.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að fyrir liggi leyfi lögreglustjóra sem og ábyrgðartrygging váttryggingafélags og jákvæð umsögn heilbrigðisnefndar.
2. Að skotsvæðið sé hvorki friðlýst né á vatnsverndarsvæði og að það hafi verið notað áður sem skotsvæði fyrir flugeldasýningar.
3. Að fram sé komin fullnægjandi umsókn um starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðisnefndar.
4. Snorri Finnlaugsson kt. 210260-3829, ábyrgðarmaður flugeldasýningarinnar, ber ábyrgð á því að starfsemin sé í samræmi við gildandi löggjöf og að upplýsingar sem hann veitir um starfsemina séu réttar.
5. Eigi færri en tveir menn skulu sjá um framkvæmd sýningarinnar.
6. Áður en undirbúningur flugeldasýningar hefst skal afmarka öryggissvæði með áberandi hætti, t.d. renningum, í a.m.k. 18 metra fjarlægð.
7. Á meðan skotið er skal afmarka öryggissvæðið frá áhorfendum með eftirfarandi hætti:
  - a. 30 metrar fyrir „skotkökur og gos“.
  - b. 100 metrar fyrir „bombur“ 150 mm (6 tommur) eða minni að þvermáli.
  - c. A.m.k. 130 metrar fyrir stærri skotelda en um getur í lið b.
8. Skothólkar skulu vera úr pappa, plasti, trefjaplasi, eða öðrum sambærilegum efnum og þannig gerðir að ekki stafi hætta af hlutum þeirra ef þeir springa. Endurhleðsla í skothólka og notkun járnhólka er bönnuð.
9. Skothólka skal skorða varlega.
10. Á skotstað skal vera fullnægjandi slökkvibúnaður, minnst tvö slökkvitæki fyrir A-elda, til dæmis 9 lítra vatnsslökkvitæki með slökkvimátt 13A samkvæmt staðlinum ÍST EN3.
11. Allir sem starfa á skotsvæði skulu vera búnir hjálmi með andlitshlíf og fatnaði úr tregtendranlegum efnum.
12. Reykingar eru bannaðar á skotstað.
13. Sýninguna má ekki hefja fyrr en skotstjóri hefur yfirfarið öryggisþætti og gefið leyfi fyrir skotum.
14. Ábyrgðarmaður skal tryggja að farið verði í einu og öllu eftir fyrirmælum lögreglunnar á Norðurlandi eystra, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands.
15. Hefja má flugeldasýningu ef veður og aðstæður leyfa þann dag og tíma sem tiltekið er í leyfi lögreglustjóra og umsögn heilbrigðisnefndar. Sé veðráttá eða vindátt óhagstæð skal fara að tilmælum lögreglu.
16. Fylgja skal samræmdum starfsleyfisskilyrðum vegna mengunarvarna og öðrum skilyrðum sem viðkomandi heilbrigðisnefnd setji fyrir slíkri starfsemi. Starfsemin skal lúta ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, laga nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og reglugerð nr. 414/2017 um skotelda.
17. Vöktun á flugeldasýningu skal vera samfelld. Að sýningunni lokinni skal gengið úr skugga um að engir ósprungnir skoteldar séu eftir á svæðinu. Ósprungnum skoteldum skal eytt, sbr. 36. gr. reglugerðar nr. 414/2017 um skotelda. Leyfishafa ber jafnframt að sjá um hreinsun þess svæðis þar sem flugeldasýning hefur farið fram. Skoteldaúrgangi ber að skila á viðurkennda móttökustöð fyrir spilliefni.
18. Viðhafa skal sérstaka varkárni og nærgætni í nánd við svæði með ríkt fuglalíf og forðast óþarfa truflun, samkvæmt náttúruminjasrá, lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Framangreind skilyrði taka mið af bestu aðstæðum. Bent er á að lögreglan getur gert frekari staðbundnar kröfur ef aðstæður krefja.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Kjartan Ingvarsson

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Heilbrigðisnefnd\_Norðurlands\_eystra  
Lögreglan á Norðurlandi eystra